

174

31. okt.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.,  
nr. 117 9. október 1948.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á flugvellinum skal vera slökkvilið, sem hefur til umráða öll nauðsynleg slökkvi- og björgunartæki. Skal það skipað nægum mannafla og vera tilbúið til starfa, hvenær sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 95 28. des. 1946, um að ákvæði sammings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

175

31. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð fátækra í Siglufirði“,  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949.  
Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir styrktarsjóð fátækra í Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Styrktarsjóður fátækra. Heimili hans og varnarþing er í Siglufirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. okt. 1948 með 5000 kr. gjöf, en gefandi lætur eigi nafns síns getið.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæklinga innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar á þann hátt, er sjóðstjórnin telur rétt og efni sjóðsins leyfa samkvæmt þeim reglum, er hér fara á eftir um úthlutun úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hvanneyrarprestur sem formaður, bæjarfógeti Siglufjarðar sem féhirðir, héraðslæknirinn Siglufirði sem ritari. Nú forfallast einhver stjórnarmanna og tekur þá safnaðarfulltrúinn í Siglufirði sem varamaður sæti

Þess, er forfallast í sjóðstjórninni. Nú forfallast fleiri úr sjóðstjórninni eða vilja ekki taka sæti, og tilnefnir formaður sjóðstjórnar þá, er til vanta. **175**

31. okt.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og skiptir að öðru en 4. gr. greinir með sér störfum. Féhirðir annast sérstaklega fjárgæzlu sjóðsins og semur reikning hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reynt sé að afla sjóðnum tekna, en að eins á þann hátt, er eigi valdi áhættu fyrir sjóðinn og eftir því, er sjóðstjórnin telur rétt og heppilegt.

## 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnun, er ríkissjóður Íslands ber ábyrgð á, eða í ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir.

## 7. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoði árlega ársreikninga sjóðsins.

## 8. gr.

Höfuðstól sjóðsins með vöxtum og öðru, er sjóðnum fellur til, má aldrei skerða umfram það, er hér segir:

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 skal verja hálfum ársvöxtum árlega til styrkveitinga, þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 skal árlega verja  $\frac{3}{4}$  ársvaxtanna til styrkveitinga, og aldrei meiru.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari og hana birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949. **176**

31. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og styrktarsjóður nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

## 2. gr.

Sjóður þessi er myndaður á þennan hátt:

1. Af Minningarsjóði Þórunnar Friðriksdóttur frá Löndum í Vestmannaeyjum.
2. Af Minningarsjóði Hermanns Guðmundssonar frá Háeyri í Vestmannaeyjum.
3. Af Minningarsjóði Hauks Lindbergs frá Kalmanstjórn í Vestmannaeyjum.
4. Af öðrum minningarsjóðum, sem kunna að verða stofnaðir við Gagnfræðaskólann.
5. Af gjöfum eða öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast eða í hann safnast.